



**Almenn braut blönduð, AN1B** (áður kölluð ABB) er fyrir nemendur sem stefna á aðrar brautir og vantar lítið upp á námsárangur grunnskóla til að komast þar inn. Þessir nemendur vinna upp það sem upp á vantar úr grunnskóla en að öðru leyti er námsval þeirra miðað við þá braut sem stefnt er að. Þá eru upplýsingar um viðkomandi braut notaðar til að velja eftir. Nemendur sem velja AN1B þurfa að taka fram á valblaði á hvaða braut/nám þeir stefna. Á vorönn eiga allir nemendur á AN1B að velja LKN291 og ÍPR202/212. Að öðru leyti er námsvalið í samræmi við það á hvaða braut er stefnt.

<b>Haustönn</b>	<b>Vorönn</b>
ÍSL, ENS, DAN, STÆ 193/293	ÍSL, ENS, DAN, STÆ 193/293 eða 102
Áfangar af þeim brautum sem	Áfangar af þeim brautum sem
nemandi óskaði eftir, eins og hægt er.	nemandi óskaði eftir, eins og hægt er.
<b>ÍPR102/112</b>	<b>ÍPR202/212</b>
<b>LKN192</b>	<b>LKN291</b>
15 - 18 ein	15 - 18 ein

Áfangar með númer 193 og 293 eru upprifjun á efni grunnskóla. Slíkir áfangar eru til í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku. Í íslensku, ensku og dönsku byrja nemendur í 193 áfanga sem upprifjun. Nemandi sem fær einkunnina 5 eða 6 úr 193 áfanga í íslensku, ensku eða dönsku hefur staðið áfangann en þarf að taka viðbótarupprifjun í áfanga 293. Nemandi sem fær einkunnina 7 eða hærri kemst beint í 1026 áfanga (hægferð). Um upprifjunaráfanga í stærðfræði gildir að þeir nemendur sem eru rétt undir lágmarki úr grunnskóla fara beint í STÆ293 en þeir nemendur sem hafa mjög slakan árangur í grunnskóla eða þurfa að byrja aftur á grunnatriðum í reikningi taka fyrst STÆ193 og síðan STÆ293 áður en þau taka STÆ102.

#### **ALMENN BRAUT 2 (AN2) - annað námsár**

Almenn braut 2 er framhald af AN1 eða AN1B. Hún er ætluð fyrir þá nemendur sem halda áfram á almennri braut að loknu fyrsta námsári. Námsármiðar að frekari undirbúningi fyrir nám á þeirri braut sem stefnt er að.

#### **ÓTILGREINT NÁM (ÓTN) (áður kallað AN)**

Ótilgreint nám er fyrir nemendur yfir 18 ára aldri sem eru óráðnir í námi og fyrir þá nemendur sem stefna á nám sem ekki er hægt að ljúka í VMA.